

Fundur í fagráði nautgriparæktar 6. ágúst 2019

Fundargerð

Fundurinn var haldinn 6. ágúst 2019 á nautastöðinni á Hesti og hófst kl. 11.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Gunnar Kr. Eiríksson, Andri Már Sigurðsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Hafþór Finnbogason, Jón Hjalti Eiríksson, Kári Gautason og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt - lokaskýrsla
3. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar. Fundargerð síðasta fundar samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt - lokaskýrsla.

Jón Hjalti Eiríksson og Kári Gautason kynntu niðurstöður og lokaskýrslu verkefnis um hagrænt vægi eiginleika í íslenski nautgriparækt. Verkefnið var mjög umfangsmikið og hér eru helstu niðurstöður úr samantekt í lokaskýrslunni:

„Niðurstöðurnar benda til þess að sú heildareinkunn sem unnið er eftir skili um eða yfir 90% af þeim hagræna ávinningu sem ná má með hagkvæmasta úrvasskilyrði. Lagt er til að farið verði að birta sérstaka heildareinkunn fyrir afkvæmaprófuð naut þar sem þau eru einu gripirnir sem fá mat fyrir endingu. Helstu niðurstöður og forsendur þeirra fyrir þá eiginleika sem voru til skoðunar eru:

Afurðir eru hér eftir sem hingað til mikilvægasti eiginleikinn í nautgriparækt. Heildareinkunn sem notuð hefur verið síðustu ár setur 44% vægi á afurðir en niðurstöður verkefnisins benda til að 36-37% sé hagkvæmast. Skoðanakönnun meðal bænda benti til þess að þeim þætti lægra hlutfall eðlilegt. Hvernig afurðum er skipt upp á efnabætti fer mjög eftir forsendum en miðað við núverandi verðhlutföll er hagkvæmast að leggja svipaða áherslu á próteinafurðir og fituafurðir. Eigi valið ekki að leiða til lækkandi próteinhlutfalls þarf að vera vægi á próteinhlutfalli. Lagt er til að fituafurðir gildi 47%, próteinafurðir 48% og próteinhlutfall 5% í nýrri afurðaeinkunn.

Júgurbólga og frumutala. Ekki var gert ráð fyrir því að frumutala hafi hagrænt gildi í sjálfu sér en fær aftur á móti nokkurt hagrænt vægi vegna tengsla við júgurbólguviðnám. Þar sem júgurbólga hefur verið algengasta förgunarástæða kúa hérlendis á undanförunum áratugum má búast við að fækkun júgurbólguþilfella hafi verulegt hagrænt gildi. Aftur á móti eru tölulegar upplýsingar um júgurbólgu í kúm hér á landi verulega takmarkaðar þrátt fyrir að alla meðhöndlun við henni eigi að skrá. Þetta gerir allt hagrænt og erfðafræðilegt mat á eiginleikanum örðugt og er verulega bagalegt. Það sem tengist júgurbólgu þarf því að mestu að byggja á erlendum niðurstöðum og ályktunum sem byggja á gögnum frá fáeinum búum. Samkvæmt þeim niðurstöðum sem þó fást fær frumutala 8% vægi í heildareinkunn fyrir val á nautum, sem er sama vægi og í núverandi heildareinkunn. Fyrir val á

nautsmæðrum er 9% hæfilegt vægi. Niðurstöður um skiptingu vægis á milli endingar og frumutölu eru mjög háðar ályktunum um erfðastuðla þessara eiginleika sem byggja á takmörkuðum gögnum.

Frjósemi hefur hingað til aðeins byggst á bili á milli burða í kynbótastarfinu. Vænta má 0,32 kr. lækkun á framleiðslukostnaði lítra mjólkur af styttingu bilsins um einn dag. Þrátt fyrir að kynbótamat fyrir eiginleikann sé óöruggt þegar valið fer fram gildir eiginleikinn rúm 10% í heildareinkunn byggðri á hagrænum vægjum fyrir val á nautum en 11% fyrir val á nautsmæðrum. Ekki hefur verið erfðafrámför í frjósemi stofnsins undanfarin ár. Hækkað vægi kann að vinna gegn því en bætta aðferðir við kynbótamat á eiginleikanum eru þó trúlega forsenda þess að raunverulegur árangur náist í þeim efnum.

Hagrænt gildi fyrir **júgurgerð** var leitt út frá því hversu mikið fækkar í hópi kúa sem krefjast aukinnar vinnu vegna júgurgerðar við hækkun á meðaljúgureinkunn. Hlutfall kúa sem valda aukinni vinnu var metið út frá niðurstöðum spurningakönnunar sem send var bændum. Reikna má með 1,43 kr. lækkun á framleiðslukostnaði á lítra mjólkur ef meðaljúgureinkunn hækkar um eitt stig á línulega skalanum. Hagkvæmasta vægi júgurgerðar fyrir nautaeinkunn er nærri 10% sem er nokkru hærra en í þeirri einkunn sem nú er notuð. Fyrir val á nautsmæðrum ætti að miða við meira vægi eða um 11%. Þrátt fyrir að niðurstöður spurningakönnunar meðal bændu bendi ekki til þess að þeir geri greinarmun á mikilvægi greinilegs júgurbands, góðrar júgurfestu og lítillar júgurdýptar benda niðurstöðurnar til að skynsamleg samsetning júgureinkunnar sé 50% júgurdýpt, 35% júgurfasta og 15% júgurband. Ástæður þess eru mismunandi erfðadreifni eiginleikanna og tengsl við aðra eiginleika, einkum júgurbólguviðnám og endingu.

Spenar. Gleitt settir framspenar eru að mati bændu mikið vandamál við íslenskar kýr, sérstaklega að mati þeirra sem eru með mjaltapjón. Auk þess bentu niðurstöður spurningakönnunarinnar til þess að of mjóir spenar væru vandamálið varðandi spenagerð. Hagræna gildið fyrir spena er metið sem 2,34 kr. á stig samsettrar spenaeinkunnar skv. niðurstöðum spurningakönnunar. Lítil dreifni þessarar einkunnar skýrir hátt gildi samanborið við t.d. júgureinkunn. Hagræna vægið á spenaeinkunn byggir aðeins að litlum hluta á hagrænu gildi þess eiginleika sjálfs, tengsl við endingu og júgurheilsu hafa meiri áhrif. Samkvæmt matinu ætti að leggja mesta áherslu á að minnka spena vegna betri endingar og júgurheilsu kúa með litla spena. Það er aftur á móti ekki í samræmi við áherslur bændu miðað við spurningakönnunina. Aftur á móti má ætla að með fjölgun mjaltapjóna aukist enn vandamál vegna spenastaðsetningar og mjórra spena svo áhrif þeirra þáttu á endingu gætu aukist frá því sem var á þeim tíma þegar gögnum fyrir erfðastuðlamatið var safnað. Þess vegna er samsetning spenaeinkunnar sem lögð er til með meiri áherslu á spenastaðsetningu og minni á mjórra spena en beinar niðurstöður útreikninga benda til að sé hagkvæmast. Spenaeinkunn væri þá samsett þannig að staðsetning framspena (þéttari) gildir 40%, lengd (styttri) 30% og þykkt (mjórri) 30%. Hlutfall spenaeinkunnar í heildareinkunn ætti að hækka miðað við það sem nú er, úr 8% í 10% fyrir val á nautum og í 13% fyrir val á nautsmæðrum.

Hagrænt gildi **mjalta** byggir á þeim tíma sem sparast við mjaltir vegna aukins og jafnara mjólkurflæðis í mjóltum. Niðurstöður spurningakönnunarinnar gáfu til kynna að hvert stig mjaltaeinkunnar stytti mjaltatíma í mjaltabás eða mjaltakerfi um 45 sekúndur og 60 sek. í mjaltapjón. Auk hagræns gildis mjaltanna sjálfra eru fljóttari mjaltir tengdar betri endingu en aftur á móti lakari júgurheilsu. Mjaltir ættu að gilda 8% í heildareinkunn nauta en 10% fyrir val á nautsmæðrum.

Skap. Niðurstöður spurningakönnunarinnar sýndu að bændur telja um 30 sekúndur af vinnu sparast á hverja kú ef þær eru einu stigi skapbetri samkvæmt línulega skalanum. Að auki tefst mjaltapjónn um 20 sekúndur við sömu breytingu. Vægi skaps má vera óbreytt, 8%, fyrir val á nautum en hærra, 10%, fyrir kýr.

Ending gripanna er lykilatriði fyrir hagkvæmni þeirra. Val fyrir aukinni endingu fer þó aðallega fram með vali fyrir öðrum eiginleikum sem eru undirliggjandi þættir sem hafa áhrif á endingu kúnna. Þar sem eingöngu naut með ákveðinn fjölda dætra sem hefur verið fargað fá kynbótamat fyrir endingu er lagt til að ending gildi aðeins í heildareinkunn þeirra nauta sem hafa fengið slíkt mat og þá 10%. Meira vægi er þá á öðrum eiginleikum hjá kúnum, einkum á þeim eiginleikum sem hafa mikil áhrif á endingu.

Niðurstöður verkefnis sem þessa verða aldrei betri en gögnin sem þær byggja á. Því miður vantar nokkuð upp á áreiðanleg gögn á ýmsum stigum verkefnisins. Má þar nefna hagtolur fyrir landbúnaðinn, upplýsingar um sjúkdómatíðni og meðhöndlunir og erfðastuðla fyrir suma flokka eiginleika. Niðurstöður um einstaka þætti eru mjög háðar ályktunum sem byggðar eru á veikum forsendum, sérstaklega það sem varðar erfðabáttinn í júgurbólguþoli og tengsl hans við aðra eiginleika. Mikilvægt er að unnið verði að úrbótum þar sem skortir á þekkingu og niðurstöður verkefnisins uppfærðar jafnóðum eftir því sem betri upplýsingar fást.

Kynbótastarfið skilar miklu, árleg bæting eins og árangurinn er í dag getur sparað um 150 milljónir í framleiðslukostnaði árlega þegar áhrifin eru komin fram að fullu miðað við tölur í verkefninu. Fjárfesting í kynbótastarfi í íslenska kúastofninum er líkleg til að skila sér ríkulega til baka innan einungis fárra ára. Niðurstöður þessa verkefnis hjálpa til við að beina áherslum á þá þætti sem mest gefa til baka og fá þannig sem besta nýtingu fjármuna."

Í kjölfar kynningarinnar urðu töluverðar umræður um ýmsa þætti og niðurstöður verkefnisins. Ákveðið að fara að þeirri tillögu sem höfundar hennar setja fram og breyta vægi eiginleika í heildareinkunn til samræmis við það auk þess að nota sérstaka heildareinkunn fyrir afkvæmaprófuð naut sem hafa reiknað endingarmat.

Ný heildareinkunn sem notuð verður við næstu keyrslu kynbótamats í september n.k. verður því þannig samsett:

	Naut	Kýr	
Afurðir	36%	36%	(fituafurðir 47%, próteinafurðir 48%, próteinhlutfall 5%)
Frjósemi	10%	11%	
Frumutala	8%	9%	
Júgur	10%	11%	(júgurdýpt 50%, júgurfasta 35%, júgurband 15%)
Spenar	10%	13%	(staðsetning framspena 40%, lengd 30%, þykkt 30%)
Mjaltir	8%	10%	
Skap	8%	10%	
Ending	10%		(einungis naut með reiknaða endingareinkunn)

3. Önnur mál.

Aðeins rætt um framgang mála varðandi erfðamengisúrvalið. Guðmundur sagði verkefnið vera í ákveðinni biðstöðu í augnablikinu, enn væri unnið að ætternisleiðréttingum auk þess beðið væri eftir verðtilboði í frekari greiningar hjá Eurofins. Umfang sýnatöku væri enn óljóst þar sem Egill Gautason þyrfti að reikna hversu miklu öryggi arfgerðargreiningarnar myndu skila.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Andri Már Sigurðsson
(sign.)

Herdís Magna Gunnarsdóttir
(sign.)

Gunnar Kr. Eiríksson
(sign.)

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
(sign.)

Hafþór Finnbogason
(sign.)

Jón Hjalti Eiríksson
(sign.)

Kári Gautason
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 15. júlí 2019
2. Hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt - lokaskýrsla